

Hafnarfirði 4. maí 2021

Góðan daginn kæri nemandi og foreldrar/forráðamenn

Þá er síðasti kennsludagurinn runninn upp í bili. Þetta þýðir að við skiptum um gír í skólastarfinu því að á morgun er svokallaður **námsversdagur**. Þá geta nemendur komið í skólann á milli 08:30 – 12:50 og hitt kennara sína, sjá nánar um tímasetningu og stofu [hér](#). Þannig geta nemendur fengið aðstoð hjá kennurum sínum við að undirbúa sig sem best fyrir lokapróf og/eða lokaverkefni.

Fimmtudaginn 7. maí hefst svo próftímabilið. Fyrstu prófin eru í stærðfræði, eðlisfræði, þýsku og rekstrarhagfræði og svo koll af kolli. Síðasti prófdagur er mánudagurinn 17. maí. Nemendur geta séð allar upplýsingar um þau próf sem framundan eru inn í INNU og á próftöflu á heimasíðu skólans.

Það er mikilvægt að nemendur mæti stundvíslega í próf. Einnig að þeir komi með skilríki í lokapróf. Prófstaður (stofunúmer) er auglýstur samdægurs á töflu í anddyri skólans. Athugið að öll notkun snjalltækja (síma og úra) er stranglega bönnuð. Ströngum viðurlögum verður beitt ef nemandi verður uppvís að svindli á lokaprófi. Ég vil hvetja nemendur til að kynna sér vel [prófreglur](#) skólans. Lokað verður fyrir allar einkunnir í INNU á próftíma en gert er ráð fyrir að einkunnir verði birtar þriðjudaginn 18. maí.

Með von um gott gengi í prófum og því lokanámsmati sem framundan er.

Erla skólameistari